

**452. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn 10. nóvember 2021 kl. 13:00. Fjarfundur haldinn í Teams.**

*Þessir tóku þátt í fundinum:*

Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður nefndarinnar, settur skrifstofustjóri landbúnaðarskrifstofu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR), Arnar Freyr Einarsson, sérfræðingur hjá ANR, Oddný Steina Valsdóttir, varamaður Gunnars Þorgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, Kári Gautason, nefndarmaður og sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður deildar kúabænda innan Bændasamtaka Íslands, Sólrún Þrastardóttir, varamaður Ásgeirs Runólfssonar, fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins, og Jón Baldur Lorange, starfsmaður nefndarinnar og sérfræðingur hjá ANR, sem ritaði fundargerð. Fundinn sátu einnig Sigurður Eyþórsson, verkefnisstjóri hjá ANR og Ólafur Friðriksson, sérfræðingur hjá ANR.

*Þetta var gert:*

1. **Fundargerð 451.** fundar nefndarinnar samþykkt.
2. **Drög að samningi við VOR** lagður fram á fundinum til kynningar og umræðu. Samningur verður tekin til afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.
3. Eftirfarandi bókun var samþykkt um **beiðni SAM um leiðréttingu á útflutningsskyldu** mjólkurafurða, sbr. erindi frá 27. október 2020: *Nefndin telur hvorki heimildir né forsendur til endurupptöku.* Bókun samþykkt með tölvupósti samdægurs að fundi loknum.
4. **Framleiðslujafnvægi í nautgriparækt** tekið til umræðu en til ráðstöfunar eru 106.744.248 kr. Bændasamtökin munu senda inn tillögur um ráðstöfun fyrir desember fund nefndarinnar.
5. **Framleiðslujafnvægi í sauðfjarrækt** tekið til umræðu en til ráðstöfunar eru 9.643.162 kr. sem er andvirði innlausnar greiðslumarks á árinu 2017. Bændasamtökin mun senda inn tillögu um ráðstöfun fyrir desember fund nefndarinnar.
6. **Eftirlit með landnýtingarþætti gæðastýringar í sauðfjarrækt.** Samningurinn við Landgræðsluna gildir út árið 2021 og taka þarf ákvörðun um með hvaða hætti þessu eftirliti verði háttað frá og með 1. janúar 2022. Umræða. Málið tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar.
7. Ákvörðun um **framleiðsluskyldu í nautgriparækt og um heildargreiðslumark mjólkur** næsta verðlagsárs. Umræða og upplýsingar lagðir fram um nýtingu á greiðslumarki það sem af er ári. Málið tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar.
8. **Önnur mál.** Fyrirspurn um verkefnið Icelandic lamb.

Fleira ekki tekið fyrir, og fundi slitið um kl. 14:00.